

Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
Sími: 411-6060 / Fax: 411-6070
borgarskjalasafn@reykjavik.is
www.borgarskjalasafn.is

Hinrik Bjarnason

Operation Sail.

- Skjalaskrá -

Nóvember 2007

Einkaskjalasafn nr. 352

Hinrik Bjarnason Operation Sail.

Árið 1976 héldu Bandaríki Norður- Ameríka upp á 200 ára sjálfstæðisafmæli sitt með margvíslegum hætti og hæst risu hátíðahöldin á afmælisdeginum sjálfum 4. júlí. Í New York var þá efnt til Operation Sail, til þess að minnast innflytjenda er komið höfðu með skipum til þess að nema land og taka þátt í að mynda nýja þjóð.

Til hátíðarinnar var boðið seglskipum frá öllum þeim þjóðum heims, er átt höfðu þátt í landnáminu mikla vestanhafs, og sigldi þessi floti upp Hudsonána 4. júlí 1976, alls 225 seglskip stór og smá frá 35 þjóðum, þar á meðal nær öll þau stóru seglskip er þá sigldu enn um heimsins höf.

Fulltrúi Íslands í þessari óviðjafnanlegu skipalest var "víkingaskipið" Leifur Eiríksson norskbyggt skip er verið hafði gjöf Norðmanna til Íslendinga og smíðaður að fornum hætti. Víkingaskipið var flutt vestur um haf með Brúarfossi og var komið þangað deginum á undan vikingunum átta. Á Leifi Eiríkssyni var átta manna áhöfn (og einn leynifarþegi) á siglingunni upp Hudsoná;

Viggó Maack, skipstjóri
Hinrik Bjarnason
Kári Jónasson
Kjartan Mogensen
Markús Örn Antonsson
Óli Barðdal
Sigurður A. Magnússon
Sveinn Sæmundsson
(Kolfinna Bjarnadóttir, leynifarþegi)

Áhöfnin var valin að hluta til sem fulltrúar tiltekinn stofnana og samtaka, auk þess að geta sinnt sínu ætlunarverki í sjómennsku. Tókst ferðin afar vel og vakti þátttaka Íslands verðuga athygli, enda ýmislegt gert er til almannatengsla heyrði. Var og ferðarinnar vandlega getið í íslenskum fjölmiðlum með greinum og myndum. Jóhannes Long ljósmyndari tók fjölda litmynda af skipi og skipshöfn í Reykjavíkurböfn og á Sundunum, og myndir í New York tók m.a. Hinrik Bjarnason. Þessi gögn sem hér eru afhenti Hinrik Bjarnason Ljósmyndasafni Reykjavíkur og afhenti Kristín Hauksdóttir starfsmaður Ljósmyndasafnsins Borgarskjalasafni Reykjavíkur þau til varðveislu. Og upplýsingarnar eru komnar frá Hinrik Bjarnasyni.

Skjalaskrá

Askja 1

- Póstkort með mynd af víkingaskipinu Leifi Eiríkssyni sem gefin voru út af tilefni ferðarinnar og átti að verða stærri tekjulind en af varð.
- Leifur Eiríksson verkaskipting um borð og dagskrá hátíðarhaldanna.
- Blaðgreinar frá og um ferð Leifs Eiríkssonar um Hudsoná.
- Yfirlit yfir tilkostnað vegna lagfæringa á skipinu fyrir förina til Bandaríkjanna.
- Afmælisvísur Kjartan fimmtugur, Markús Örn fimmtugur og Viggó Maack .
- Blað Home Reporter and sunset news Friday, July 2. 1976.

Skráð: Bergþóra Annasdóttir, nóvember 2007